



Viðauki við gjaldskrá um greiðslu gatnagerðargjalds, um breytta gjalddaga gatnagerðargjalds í Flóahverfi

Bæjarráð samþykkir tímabundið, í samræmi við 4. gr. gjaldskrár um gatnagerðargjald, til að auka eftirspurn eftir lóðum, að heimilt verði að greiða gatnagerðargjald, vegna úthlutunar atvinnulóða Flóahverfi, á eftirfarandi hátt:

Hlutfall af gatnagerðargjaldi viðkomandi lóðar:

100% eftir eitt ár frá úthlutun lóðar.

Heimildin tekur til lóða sem úthlutað er á tímabilinu 1. janúar 2026 til og með 31. ágúst 2026. Gjöld skulu verðbætt m.t.t. byggingarvísitölu hverju sinni.

Eftir 31. ágúst 2026, skulu gjalddagar vera samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í Akraneskaupstað. Gera þarf samninga um dreifingu gjaldanna við lóðarhafa og tryggja veðstöðu gjaldanna með tryggingarbréfi á 1. sta veðrétti í viðkomandi lóð.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt í bæjarráði þann 8. janúar 2026

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 15. janúar 2026.

F.h. Akraneskaupstaðar
BÆJARSTJÓRINN


Haraldur Benediktsson,
bæjarstjóri